



Pési

ATH!!Næsti Pési kemur út í des.Efni þarf að berast í síðasta lagi 3.des



Frá Bókasafni Hrunamanna



Nú eru jólabækurnar farnar að lenda á bókasafninu. Því er um að gera að kíkja við og athuga hvað biður nýtt og spennandi í hillunum.

Bókasafn Hrunamanna auglýsir breyttan opnunartíma:

Bókasafnið er opið fram að 1. des:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Bókasafnið er opið eftir 1. des:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 11-13

Sjáumst á bókasafninu ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu


Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: [http://](http://bokasafn.fludir.is/)

bokasafn.fludir.is/

Bókasafnið er líka




á

Bókakynning föstudaginn 9. nóvember kl. 16:00 á bókasafninu, eftirfarandi höfundar kynna nýútkomnar bækur sínar, þær verða einnig til sölu og hægt að fá áritaðar ef vill:

Harpa Rún Kristjánsdóttir á Hólum á Rangárvöllum sem skrifar skáldlegan texta um Þingvelli í nýútkominni tvímála ljósmyndabók sem heitir Þingvellir, í og úr sjónmáli. Meðhöfundar Hörpu eru ljósmyndararnir Pálmi Bjarnason og Sigrún Kristjánsdóttir.

Guðmundur Brynjólfsson djákni og rithöfundur á Eyrarbakka sem sendir frá sér glæpasöguna Eitraða barnið, en sagan gerist fyrir liðlega öld síðan á Eyrarbakka en aðalpersónan er prestssonur úr Hreppum sem er óvænt orðinn sýslumaður.

Bjarni Harðarson bóksali á Selfossi sem sendir frá sér 18. aldar sögu af Skálholtsstað og séra Þórði í Reykjadal. Bókin heitir Í Gullhreppum og er sjálfstætt framhald bókar sem kom út í fyrra undir heitinu Í skugga drottins.



Nóv 2018
Rítstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

28. árgangur.
331.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Nóvember er runninn upp og ýmislegt sem bendir til þess að vetur sé í nánd. Við reyndar krossum svolítið fingur að það frjósi ekki allt í hel því við myndum þiggja að geta haldið áfram með ljósleiðaraverkefnið.

Annars er ágætis gangur með lagningu ljósleiðarans. Búið er að gera alla framsveitina klára til tengingar fjarskiptafélaga og styttist í að leggur út í Hvítárholt verði einnig klár. Síðan er verið að bruna í átt upp að Tungufelli en sá áfangi skiptist þó í tvennt við Hvítárdal. Til upplýsingar þá er ekki sopið kálið þó í ausuna sé komið því þó tengibox sé komið inn í hús þá þarf verktakinn, í þessu tilviki TRS, að mæla áfangann til að vera viss um að allar tengingar virki áður en hægt er að bjóða íbúum að tengjast fjarskiptafélögunum. Ég vil líka minna á að þegar búið er að gefa grænt ljós á tengingu þá þurfa íbúar og eigendur húsa að heyra í fjarskiptafélögunum og láta þá eftir atvikum bítast um viðskiptin og síðan þarf að hafa í huga að það getur tekið þau einhvern tíma að græja sín mál áður en þau láta okkur í Hrunaljósi vita að hægt sé að tengja viðkomandi heimili í tengimiðju á Flúðum.

Núna hefur mikil vinna farið í vinnslu á fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps fyrir árið 2019 en samhliða er unnin fjárhagsáætlun fyrir árin 2020-2022. Sú vinna hefur gengið vel og hefur farið fram með hefðbundum hætti í góðri samvinnu starfsfólks skrifstofunnar, forstöðumanna stofnanna, nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Búið er að leggja fjárhagsáætlunina fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn og síðan tekur við fínstilling þar til hún verður lögð fram til seinni umræðu í byrjun desember.

Rekstur sveitarfélagsins hefur verið að styrkjast frekar en hitt og eru líkur á að það ástand haldi áfram á næsta ári en það kemur sér vel þar sem sveitarfélagið stendur í miklum fjárfestingum á næsta ári. Skatttekjur eru að hækka samkvæmt áætlunum næsta árs þar sem útsvarstofninn er að styrkjast en ávallt er óvissa um hvernig tekjur úr Jöfnunarsjóði koma út. Spilar þar líka inn óvissa þar sem nokkrar líkur eru á að úthlutunarreglur sjóðsins breytist um áramótin. Okkur sýnist reyndar að þær breytingar ættu ekki að hafa veruleg áhrif á okkur. Síðan er búið að taka ákvörðun um að til að milda áhrif hækkunar fasteignamats í sveitarfélaginu að álagningarhlutfall í A-flokki verður lækkað úr 0,54 í 0,50.

Annars er aðal óvissa næsta árs hvernig kjarasamningar fara og hvaða áhrif þær hækkanir sem eflaust eiga sér stað hafa á rekstur sveitarfélagsins. Nú liggur fyrir að spáð er að verðbólgan á næsta ári verði um 3,6% og er það meira en við höfum séð síðustu ár. Vonandi heldur verðbólgu draugurinn kjafti líka á næsta ári því síðasta sem maður vill er að sá andskoti fari á kreik aftur.

Reynt er almennt að halda gjaldskrárhækkunum í hófi en tekin hefur verið ákvörðun um að gjaldfrjáls leikskólavist verði fyrir börn í elsta árgangi í leikskólanum Undralandi og einnig er lagt til óbreytt kortagjald fyrir börn og fullorðna í íþróttahús og sundlaug sem ætti að koma til móts við barnafólk og heimamenn.

Við leggjum upp með að rekstrartekjur dugi að mestu til fjárfestinga og viðhaldsverkefna. Stærsta viðhaldsverkefnið myndi verða innanhúsviðhald í Flúðaskóla en nauðsynlega þarf að halda áfram að bæta það húsnæði. Þá vilja menn klára vinnu við að koma loftinu fyrir ofan áhaldageymsluna í íþróttahúsinu í einhverja virkni. Þá er áætlað að laga aðgengi að aðstöðu í kjallara í Heimalandi en þar nýta kjallarann bæði eldri borgarar og einnig fatlaðir einstaklingar. Einnig þurfum við að fara í innanhússviðhaldið í Félagsheimilinu m.a. til að bæta brunavarnir og einnig gluggaskipti o.fl sem tengist Stjörnusalnum og þeirri hæð. Þá þarf einnig að klára verkefni sem frestað var á milli ára sem er endurnýjun á götu í Vesturbrún að Langholtsvegi og í leiðinni endurnýja lagnir. Síðan er það fráveitan sem verður mjög stórt verkefni hjá okkur en það þarf að koma fyrir hreinsistöð við Hellisholtalæk fyrir neðan Félagsheimilið. Þá er einnig gert ráð fyrir fjármunum til að þróa íþróttavallavæðið við íþróttahúsið og skipta um gerfigras á sparkvellingum.

Vonandi verðum við búin að klára að mestu lagningu ljósleiðarans á þessu ári en við vildum gjarnan geta sinnt sumarhúsaeygendum og hverfum þeirra betur og þjónustað þau með ljósleiðara. Það verkefni og einnig að klára fjármögnun Hrunljóss verður verkefni næsta árs því við eigum eftir að sjá hvernig styrkjakerfi Fjarskiptasjóðs á eftir að tikka inn því við erum bara búin að fá styrk fyrir 113 tengingum.

Sá málaflokkur sem erfiðast er að eiga við eru úrgangsmálin. Kostnaður og magn halda áfram að aukast en í eðli sínu ætti sá málaflokkur að standa undir sér þó við höfum og gerum áfram ráð fyrir að greiða verulega með málaflokknum. Sorphirðan kallar ekki á stórkostlegar hækkanir nema við höfum tekið ákvörðun um að nota blátunnu við heimili einnig til söfnunar plasts og málma sem kallar á helmingi meiri hirðingartíðni.

Á móti gerum við ráð fyrir geta haldið sorpeyðingargjöldum heimila óbreyttum því við vonum að aukin flokkun heimila leiði til minni kostnaðar við eyðingu. Annars gerum við ráð fyrir að hækka önnur gjöld um 7% sem gerir lítið meira en slá aðeins á tapreksturinn.

Við erum að þróa aðgangsstýringar á gámasvæðinu á Flúðum og búið er að taka ákvörðun um að stytta þann tíma sem ökutæki geta ekið inn á svæðið, þannig að opnað er kl. 9:00 og lokað kl. 20:00 alla daga vikunnar til að stemma af umferð akandi ökutækja inn á svæðið, þó fólk geti alltaf rölt í gegn með minni hluti. Þá er líka morgunljóst að bæði einstaklingar og fyrirtæki verða skylduð til að taka upp frekari flokkun úrgangs og við þurfum mjög fljótlega að taka upp aðgerðir á því sviði, bæði á svæðis- og landsvísu auk þess sem mikil óvissa hefur verið með hvar menn geta yfirhöfuð afsett úrgang á öllu Suðurlandi.

Nú fer að styttest í að hægt verði að prófa búnað til rafmagnsframleiðslu í Kópsvatnsvirkjuninni. Til upplýsingar varðandi eignarhald á Flúðaorku ehf sem rekur virkjunina þá á Varmaorka 95% af félaginu en Hrunamannahreppur 5%. Hitaveita Flúða selur síðan heitt vatn í framleiðsluna og er með lóðaréttindi o.fl. á svæðinu. Annars verð ég að hrósa starfsmönnum sveitarfélagsins og verktökum í sveitinni fyrir góð störf við að koma þessari hugmynd í framkvæmd því það er mitt mat ef þessir aðilar hefðu ekki lagt sitt að mörkum væri verkefnið ekki í þeirri stöðu sem það er í dag.

Annað lítið atriði sem ég vil minnst á er að sveitarfélagið og Samansafnið á Sólheimum hafa gert styrktarsamning þar sem sveitarfélagið styrkir safnið en á móti eiga skólarnir og eldri borgarar í Hrunamannahreppi rétt á endurgjaldslausum aðgangi að safninu. Vil ég mæla með að sem flestir skoði þetta merkilega safn og þá sögu sem það segir.

Nú hefur Árni Þór Hilmarsson sagt upp stöðu sinni sem íþrótta- og tólmstundafulltrúi og yfirmaður íþróttamannvirkja Hrunamannahrepps og sú staða verður auglýst laus til umsóknar. Vil ég þakka Árna Þór fyrir góð störf. Þá hefur einnig verið ákveðið í sambandi við „Seyrusambandið“ að ráða starfsmann í áhaldahúsið til að sinna hreinsibifreiðinni í 7 mánuði og aðra 5 fyrir sveitarfélagið.

Njótum skammdegisins saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bill með drifi á framöxli

Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035



I-C-FOOD

CAFE & BISTRO



KOMDU BRAGÐLAUKUNUN Á
ÓVART

SMIÐJUSTÍGUR 10 FLÚÐUM, RAUTT HÚS
662-4232
ERUM Á FACEBOOK

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



**RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS**

**TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU**



**SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA**

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

**SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.**

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað - Húðhreinsun - Fótsnyrting - Handsnyrting -
Vaxmeðferðir - Litun og plökkun.

Tímapantanir í Síma 856-1599



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

(Félagar í Félagi eldri Hrunamanna fá afslátt (5.500))

Opið: Fimmtudaginn 15.nóvember og
fimmtudaginn 6.desember

Tímapantanir eftir 10. nóvember í síma: 863 0433.

Allir velkomnir

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufraeðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

Skemmtileg vinna – hentug sem aukavinna!

Vilt þú gerast liðveitandi?

Félagsleg liðveisla er persónulegur stuðningur við einstaklinga með fötlun til að draga úr félagslegri einangrun, m.a. til að geta notið menningar- og félagslífs eftir áhugasviði hvers og eins.

Hugmyndafræðin sem unnið er eftir snýst um viðhorf, virðingu og mannlega reisl sem gerir fólki kleift að njóta lífsgæða sem talin eru eðlileg í samfélaginu og leitað sé allra leiða til þess að fatlað fólk geti upplifað, notið og tekið þátt í fjölmörgum athöfnum sem sanfélagslið býður upp á.

Frekari upplýsingar veitir Sigurjón Árnason félagsráðgjafi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings í síma 480-1180, sigurjon@laugaras.is eða María Kristjánsdóttir, maria@hveragerdi.is

Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri, ábyrgir, jákvæðir og hafa áhuga á að vinna með börnum eða einstaklingum með fötlun. Umsækjendur þurfa einnig að vera reyklausir með bílpróf og hafa aðgang að bíl.

Vilt þú gerast stuðningsforeldri?

Tilgangur með stuðningsfjölskyldu er að draga úr álagi á heimili barna, veita börnum tilbreytingu og stuðning auk þess að gefa þeim kost á auknum félagslegum tengslum.

Stuðningsfjölskylda býður barninu að dvelja á heimili sínu sem og að taka þátt í daglegu heimilislífi hennar. Um er að ræða 1-2 helgar í mánuði þar sem börnin dvelja á heimili stuðningsfjölskyldunnar. Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru verktakagreiðslur.

Áhugasamir hafið samband við Sigurjón Árnason í síma 480-1180 eða sendið tölvupóst á sigurjon@laugaras.is einnig er hægt að senda póst á Maríu Kristjánsdóttur á pósthöfn maria@hveragerdi.is



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

Samkaup **strax**

Flúðum

Opnunartími Vetur 2018

Mánudaga til föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga : 10:00-19:00

Sunnudaga: 11:00-18:00

Verið velkomin

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum

Sími: 486 6633

www.sveitir.is

Upplýsingar um ferðaþjónustu
og viðburði í Uppsveitunum

Flúðasveppir Farmers Bistro

Garðastigur 8, 845 Flúðir



Matseðill – Við ræktum það sem við bjóðum upp á

Aðalréttir

Sælkerahlaðborð – kaffi eða te innifalið	2.390 ISK
Matarmikið kjúklingasalát með dressingu	2.490 ISK
Lambasveppabaggi með salati	2.490 ISK
Grænmetisbuff með salati og hvítlauks-og basilsósu (vegan)	2.100 ISK
Flatbaka með sveppum, tómötum og papriku (tortilla)	1.890 ISK
Allir barnaréttir á matseðli	990 ISK

Eftirréttir

Sveppaís	1.190 ISK
Gulrótarís	1.190 ISK
Gulrótar/byggkaka	1.190 ISK




We serve what we grow



Opið er frá 12:00 til 17:00 á veturnar og 12:00 til 18:00 á sumrin.

Tökum á móti hópum allt að 95 manns á kvöldin með sér matseðli ef óskað er.

Borðapantanir á booking@farmersbistro.is og s. 519-0808

 [farmersbistro](https://www.facebook.com/farmersbistro), [farmersbistro.is](https://www.farmersbistro.is)



Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr
heimabyggð.

Locally grown
Locally owned

Beint frá býli

Grænmeti, kryddjurtir, holdanautakjöt, eldis-silungur, heimagerðar sultur og flatkökur, Arna laktósafrjár mjólkurvörur og margt fleira.

Vegetables, herbs, Angus beef, brown trout, homemade jams and flatbreads, Arna lactose free dairy and variety of other products.

Melum, Flöðum

Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/



Aðalfundarboð:

Stjórn Hrossarættarfélags Hrunamanna boðar til auka aðalfundar fimmtudagskvöldið 15.10.18 kl 20:30 í reiðhöllinni á Flúðum

Þrjú mál eru á dagskrá:

- 1. Kjósa þarf um 2 varamenn í stjórn félagsins***
 - 2. Hækkun félagsgjalds***
 - 3. Graðhestur á vegum félagsins 2019 kynntur***
-

Folaldasýning 2018

Hrossarættarfélag Hrunamanna stóð fyrir skemmtilegri folaldasýningu laugardaginn 03.11.18.

Skráning var mjög góð, 19 folöld voru á sýningunni og mikið af áhorfendum mættu í reiðhöllina til að taka út ræktunina 2018.

Dómarar voru Ólafur Andri Guðmundsson og Bylgja Gauksdóttir og viljum við þakka þeim sérstaklega fyrir komuna og aðstoðina.

Kept var í 3 flokkum: Hryssur innan félags, Hestar innan félags og Gestir. Glæsilegasta folald sýningar var síðan kosið af áhorfendum.

Fóðurblandan, Dýralæknamiðstöðin ehf og Árni ehf gáfu glæsilega vinninga sem veittir voru efstu sætunum í hverjum flokki.

Það var mat bæði áhorfenda og dómara að folöldin væru heilt yfir mjög góð og má ætla að Hreppamenn verði vel riðandi eftir 4-5 ár

Úrslit fóru svona:

Hryssur innan félags:

- IS2018288323 - Stikla frá Syðra-Langholti

F: Ísak frá Þjórsártúni

M: Þota frá Miðfelli 5

Ræktendur og eigendur: Þorsteinn G. Þorsteinsson og Arna Þöll

Sigmundsdóttir

- IS2018288371- Krumma frá Hvammi 1

F: Krákur frá Blesastöðum 1A

M: Þrá frá Núpstúni

Ræktendur og Eigendur: Helgi Kjartansson og Erna Óðinsdóttir

- IS2018288161 - Jörð frá Haukholtum

F: Hávaði frá Haukholtum

M: Birta frá Smyrlabjörgum

Ræktandi: Magnús Helgi Loftsson

Eigandi: Ástbjört Magnúsdóttir

Hestar innan félags:

1. IS2018188293 - Vörður frá Reykjadal
F: Viti frá Kagaðarhóli
M: Framsókn frá Litlu-Gröf
Ræktendur og eigendur: Guðríður Eva Þórarinsdóttir og Jón William Bjarkason
2. IS2018188159 - Gustur frá Haukholtum
F: Kolskeggur frá Kjarnholtum 1
M: Þruma frá Haukholtum
Ræktendur og eigendur: Þorsteinn Loftsson og Steinunn Lilja Heiðarsdóttir
3. IS2018188581 - Rektor frá Helgastöðum 2
F: Hrókur frá Hjarðartúni
M: Kápa frá Helgastöðum 1
Ræktandi og Eigandi: Loftur Magnússon

Gestir, hryssur og hestar:

1. IS2018188292 - Hermóður frá Reykjadal
F: Stormur frá HERRÍÐARHÓLI
M: Vild frá Auðsholtshjáleigu
Ræktandi og eigandi: Uli Reber
2. IS2018288804 - Þruma frá Þóroddsstöðum
F: Sægrímur frá Bergi
M: Fjöldur frá Þóroddsstöðum
Ræktandi og Eigandi: Bjarni Bjarnason
3. Óskírð hryssa frá Sperðli
F: Þröstur frá Ármóti
M: Sækatla frá Sperðli
Ræktendur og eigendur: Þröstur Ólafsson og Inga Björk Gunnarsdóttir

Tvö fölöld urðu jöfn í kosningunni um glæsilegasta fölalld sýningar, það voru þau Jörð frá Haukholtum og Vörður frá Reykjadal.

Við óskum ræktendum og eigendum innilega til hamingju með falleg fölöld og þökkum öllum sem mættu á svæðið kærlega fyrir komuna, góður og vel heppnaður dagur í alla staði.

Á dögnum fór fram hrútasýning Sauðfjárræktarfélags Hrunamanna í Reiðhöllinni á Flúðum. Keppt var í 5 flokkum auk þess sem rollubingóið skemmtilega var á sínum stað. Var vel mætt á sýninguna, enda góð þátttaka í flestum flokkum og létt yfir fólki. Nokkrir afburðagripir voru á sýningunni sem vöktu verðskuldaða athygli og Hrunamenn geta verið stoltir af sínu fé. Dómarar á hrútasýningunni voru þeir Jökull Helgason og Sigurfinnur Bjarkarson, þeim fórst starfið vel úr hendi eins og við var að búast þó svo að dómarastörfin hafi verið krefjandi og snúin á köflum.

Vinningar voru veglegir en Landstólpi, Fóðurblandan, Jötunn vélar, Lífland, Gistiheimilið Seljarlandi og SS styrktu hrútasýninguna með myndarlegum hætti.

Úrslit voru annars eftirfarandi:

Hvítir lambhrútar

1. Hrútur frá Hrafnkelsstöðum
2. Hrútur frá Grafarbakka
3. Hrútur frá Skipholti

Mislitir lambhrútar:

1. Hrútur frá Þverspyrnu
2. Hrútur frá Hrepphólum
3. Hrútur frá Skipholti

Veturgamlir hrútar

1. Hrútur frá Auðsholti 4
2. Hrútur frá Þverspyrnu
3. Hrútur frá Grafarbakka

Best gerða gimbrin

1. Gimbur frá Haukholtum
2. Gimbur frá Ásatúni
3. Gimbur frá Hruna

Skrautlegasta gimbur (kosin af áhorfendum)

1. Gimbur frá Syðra-Langholti
2. Gimbur frá Grafarbakka
3. Gimbur frá Hruna





TÓNLEIKAR.



VÖRÐUKÓRINN

Fella og Hólakirkja



Sameiginlegir tónleikar Vörðukórsins og Kórs Fella- og Hólakirkju í Félagsheimilinu Árnesi, föstudagskvöldið 23.nóvember klukkan 20.30. Stjórnendur: Eyrún Jónasdóttir og Arnhildur Valgarðsdóttir verð miða 3.000, frítt fyrir 14 ára og yngri.



Hvatagreiðslur

Foreldrar og forráðamenn barna á aldrinum 6– 16 ára eru hvattir til að sækja um hvatagreiðslur vegna íþróttá-, -lista og tómstundaiðkunar skv. reglum Hrunamannahrepps.

Umsóknarfrestur er til 1. desember vegna haustannar 2018

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu

Hrunamannahrepps, í íþróttahúsinu og á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Villibráðarhlaðborð Farmers Bistro 17. nóvember 2018 kl. 19:30.
Pantanir í s: 519-0808 eða á booking@farmersbistro.is
Garðastígur 8, 845 Flúðir

Farmars Bistro býður upp á glæsilegt villibráðarhlaðborð úr hráefni úr nærumhverfi.
Verð 9.900 kr. á mann.
Ottó Magnússon og Guðmundur Gunnarsson matreiðslumeistarar og Karl Steinar Óskarsson
snillingar í villibráð verða gestakokkar hjá okkur.
Þeir munu töfra fram fjölda rétta ásamt kokkum Farmers Bistro.

Kvarts kvartettinn fráþæri leikur fyrir gesti.

Fordrykkur
Georg mikli



Villibráðarhlaðborð.

Hvítárlax heilreyktur, sveppagratín lax, bleikja tartar taco, bleikja ballotina, hrefna tastaki, mini gæsaborgari, sous vide gæs, gæsälæra confit, hreindýrabollur, hreindýrapaté, fugl dagsins, lamb, hrossalund, önd appelsínusalat, svartfugl, lifrapaté og fleira góðgæti.



Eftirréttur.
Sveppais





Jól á Flúðum



Jólatónleikarnir Jól á Flúðum verða nú haldnir í annað sinn. Tónleikarnir verða laugardaginn 8. desember kl. 20 í Félagsheimilinu á Flúðum.

Fram koma: Dísella Lárusdóttir, heimamaðurinn Guðmundur Karl Eiríksson, Gunnar Björn Jónsson og Kristján Jóhannsson. Einnig mun Karlaþór Hreppamanna stíga á svið. Bjarni Frímenn Bjarnason sér um undirleik og Hreppamaðurinn Björgvin Magnússon verður kynnrir. Flutt verða ýmis þekkt jólalög í bland við heimsfrægar óperuaríur.

Miðaverð er 5.700 kr.

Hægt er að panta miða í síma 848-1468 (Guðmundur), 663-6562 (Guðný) eða 896-6754 (Olga).



80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



LEIKSKÓLINN
ÁLFABORG

Leikskólinn Álfaborg



Auglýst er eftir deildarstjóra í 100% stöðu, í tímabundna ráðningu, frá 1. desember 2018 með möguleika á fastráðningu vegna stækkunar leikskólans. Einnig óskast leikskólakennari í 100% stöðu í ótímabundna ráðningu, sá þarf að geta hafið störf sem fyrst. Einnig kemur til greina að ráða í hlutastarf. Vakin er athygli á að álagsgreiðslur eru í boði. Möguleiki er á að útvega leiguhúsnæði í nágrenninu. Nánari upplýsingar á www.blaskogabyggd.is.

Steinsögun

Tek að mér steinsögun í uppsveitum Árnessýslu, get sagað allt að 27 cm.

Verð og aðrar upplýsingar veitir Kristján Valur í síma: 8657158



Skiltapöntun-Bæjarskilti.

Nú ætlar Hrunamannahreppur að fara að panta bæjarskilti. Þeir bæjareigendur sem ekki eru með skilti með endurskini eða bara ekki með skilti yfir höfuð og vilja fá skilti eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Halldóru oddvita.

Annað hvort með tölvupósti á halldora@fludir.is
eða í síma 892-1276 fyrir 15. nóv 2018.

TÓNAHÁTÍÐ Í FLÓAHREPPI

ÞINGBORG

MAGNÚS & JÓHANN

SPILA FYRIR GESTI


NÓV
30

2018

MIÐAVERÐ
KR. 2.900

FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ
KL. 21

HÚSIÐ OPNAÐ KL. 20
LÉTTAR VEITINGAR TIL SÖLU



MIÐAPANTANIR Í SÍMA:

RÚNAR: 898 1535

HALLA: 862 6445

SIGRÚN: 862 1574

FINNDU OKKUR

Á FACEBOOK

UNDIR:

TÓNAHÁTÍÐ
Í FLÓAHREPPI



NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf



Frá Félagi eldri Hrunamanna
Opið hús

Miðvikudaginn 21. nóvember verður Opið hús í Félagsheimilinu.

Anna Björk í Steinahlíð og Guðrún í Þverspyrnu sjá um dagskrána.

Kaffisala.

-----0000000-----

Bókmenntaklúbbur

Fimmtudaginn 22. nóvember verður fundur klúbbsins í kjallara Heimalands kl. 11:00.

-----0000000-----

Að frumkvæði öldungaráðs verður myndbandskyning um hreyfingu og heilsu eldri íbúa í kjallara Heimalands þriðjudaginn 11. **desember** um tvö leytið.

Allir velkomnir. Stefnt er að því að eftir áramót byrji kennsla fyrir þennan aldurshóp í íþróttahúsinu.

Með kveðju, stjórnin


Til sölu.

Árs gömul negld dekk til sölu—lítið notuð,

185/65 R15 20 þúsund krónur

Upplýsingar í síma 862 1917





Ali hárgreiðslumeistari

Kemur aftur á Flúðir dagana 17. - 18. nóv

Nánari upplýsingar og tímapantair í síma

662-4232 eða á

facebook - ali hárgreiðslumeistari

Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánud-föstud: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími

Mánudaga til fimmtudaga: 16:30-20:30.

Föstudaga: 12:30-18:00



Gámasvæðið á Flúðum — Breyttur opnunartími.

Frá og með 1. desember 2018 verður gámasvæðið opið fyrir akandi umferð frá kl: 09:00-20:00 alla daga.

Við Kópsvatnsholuna er risin þessi myndarlega bygging.



Og á Kluftum er í byggingu íbúðarhús



I-C-FÔÔD

Restaurant

Heimilismatur
Icelandic traditional home cooking

Virka daga / Weekdays 10-13
Helgar / Weekends 11-14



Sneiðin Flúðir 662-4232

Veitustjórn í skoðunarferð





KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Kaffi-Sel er komið í vetrarfrí og verður lokað fram yfir áramót.

Vinsamlegast sendið fyrirspurnir vegna hópa, miðað við 20 manns eða fleiri, á netfangið info@kaffisel.is

Þökkum kærlega fyrir viðskiptin!

<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel

Tel. 486-6454 – info@kaffisel.is



Forstöðumaður íþróttamannvirkja og íþróttá- og tómstundafulltrúi

Hrunamannahreppur óskar eftir starfsmanni í 50% starf sem forstöðumaður íþróttamannvirkja og íþróttá- og tómstundafulltrúi. Meginstarfið felst í stjórnun vegna íþróttahúss og sundlaugar á Flúðum og yfirumsjón með íþróttá- og tómstundastarfi í sveitarfélaginu. Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun og starfsreynslu sem nýtist í starfi. Laun eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna. Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf þann 1. febrúar n.k. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is. Umsóknnum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 23. nóvember n.k.

Atvinna Áhaldahús Hrunamannahrepps

Hrunamannahreppur óskar eftir starfsmanni í 100% starf í áhaldahúsi Hrunamannahrepps. Meginstarfið felst í starfi aðstoðarmanns hreinsunarbifreiðar sem sér um hreinsun á seyru í Uppsveitum og síðan almenn störf á vegum áhaldahússins. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu vegna skráningar upplýsinga í tölvukerfi og meðferð vinnutækja. Laun og ráðningarkjör eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna og nánara samkomulagi. Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf þann 1. desember n.k. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is. Umsóknnum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 23. nóvember n.k.

HRUNAPRESTAKALL



Kæru sveitungar.

Það styttist í aðventuna. Eins og undanfarin ár verða aðventusamkomur í báðum sveitarfélögunum. **Aðventuhátíð í Árnosi verður sunnudaginn 2. desember kl. 15.** Að venju verður unga fólkið okkar þar í aðalhlutverki í leik og söng. Þá mun söngsveitin *Tvennir tímar* syngja nokkur lög. ***Ræðumaður verður Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, Þjóðfræðingur.*** Kaffiveitingar á eftir.

Um kvöldið þann 2. desember kl. 20:30 verður svo aðventukvöld í Hrunakirkju. Þar mun kirkjukórinn syngja og flutt verður jólasaga. ***Ræðumaður verður Guðmundur Óli Gunnarsson, stjórnandi Karlakórs Hreppamanna.*** Kaffi og piparkökur á eftir í safnaðarheimilinu.

Kveikt verður formlega á ljósum í kirkjugarði við Hrepphólakirkju kl. 15 laugardaginn 1. desember og að venju verður helgistund samhliða og kaffihressing sömuleiðis. Svipaður háttur verður á í Hrunakirkju en þar verður kveikt formlega á ljósum í kirkjugarði (og veitt aðstoð) kl. 14 laugardaginn 1. desember.

En áður en aðventa gengur í garð verða tvær messur í prestakallinu, sunnudaginn 18. nóvember, kl. 11 í Stóra-Núpskirkju og kl. 14 í Hrepphólakirkju.

Að lokum minni ég á heimasíðu prestakallsins hruni.is og fésbókarslóðina facebook.com/hrunaprestakall.

Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur